



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 20. febrúar 2020

Ákvörðun nr. 5/2020

Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Raufarhól ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 23. janúar 2020 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem tilkynnt var um samruna Arctic Adventures hf. (hér eftir Arctic Adventures) og Raufarhóls ehf. (hér eftir Raufarhóll). Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga. Um svokallaða styttri samrunatilkynningu var að ræða skv. 6. mgr. 17. gr. laganna, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Með bréfi, dags. 5. febrúar 2020, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi og að frestir Samkeppniseftirlitsins hefðu byrjað að líða.

Þann 5. febrúar 2020 sendi Samkeppniseftirlitið umsagnar- og upplýsingabeirni til ýmissa aðila sem kynnu að hafa hagsmuni af samrunanum og gaf þeim færi á að leggja fram sjónarmið vegna samrunans.¹ Samkeppniseftirlitinu bárust tvær umsagnir um samkeppnisleg áhrif samrunans, aðrir hagsmunaaðilar gerðu ekki sérstakar athugasemdir við samrunann eða skiluðu ekki umsögn. Verður hér á eftir vísað til þeirra umsagna sem bárust, eftir því sem við á.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

Í samrunanum felst að Arctic Adventures kaupir hlutafé Raufarhóls af sex hluthöfum, þ.e. Hallgrími Kristinssyni, Gsm ehf., Gufupressunni ehf., Fast.fél. Auðbrekku 17 ehf., R 29

¹ Þau fyrirtæki er Samkeppniseftirlitið sendi upplýsingabeirni á eru Sterna Travel, Teitur Jónasson ehf., Snæland Travel, Saga Travel, Mountaineers of Iceland, BusTravel Iceland, GJ Travel, Guide to Iceland, Hidden Iceland, Iceland Travel, Reykjavík Excursions, Ambassador, Blue Lagoon, Whales Hauganes ehf., Salka Restaurant, Elding, North Sailing, Gentle Giants, Special Tours, Mountain Guides, Grayline, Superjeep, Hópfærðir, Sixt, Hertz, Into the glacier, Inside the volcano, Ís hestar, Nordic visitor, Mountainguides.



ehf. og Fjallsendi ehf. Í samrunaskrá segir að eftir kaupin muni Arctic Adventures fara með 90,38% hlut í Raufarhóli. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Arctic Adventures á eignarhlutum í Raufarhóli felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá segir að Arctic Adventures sé félag sem hafi verið stofnað í lok árs 2016 í þeim tilgangi að leysa Straumhvarf hf. (hér eftir Straumhvarf) af sem móðurfélag samstæðu, en Straumhvarf hafi áður gengið undir heitinu Arctic Adventures, sem sé aðalvörumerki félagsins. Straumhvarf, dótturfélag Arctic Adventures, bjóði upp á afþreyingar- og ævintýraferðir hér á landi, einkum fyrir erlenda ferðamenn. Meginstarfsemi Straumhvarfs felist í að fara í bæði ferðir sem byggjast á einni afþreyingu í einn dag, eða hluta úr degi, og ferðir með gistingu sem taka frá tveimur og upp í sjö daga. Helstu afþreyingarnar séu gönguferðir, jöklaganga, norðurljósaferðir, gullnahringsferðir, köfun, köfun með snorku, flúðasiglingar og hellaferðir. Ferðir með gistingu séu hringferðir um Ísland, ferðir um Vesturland og Suðurland. Hluti ferðanna hafi verið framkvæmdar af Straumhvarfi en jafnframt hafi önnur dótturfélög Arctic Adventures komið að framkvæmd þeirra, þ.e. Arctic Sea Tours ehf., Scuba Iceland ehf. og Austari ehf.

Arctic Sea Tours starfi á Dalvík við að fara með ferðamenn í hvalaskoðun. Starfsemi Scuba Iceland felist í því að fara með ferðamenn í köfun og snorkl í Silfru. Straumhvarf eigi jafnframt 50% hlut í Magmadive ehf. og felist starfsemi þess félags í að fara með ferðamenn í köfun og köfun með snorku.

Þá segir í samrunaskrá að Viking Rafting sé í 50% eigu Straumhvarfs. Starfsemi félagsins fari fram í Skagafirði og gangi út á að fara með ferðamenn í flúðasiglingar í Austari og Vestari Jökulsám í innanverðum Skagafirði. Starfsemi Viking Rafting fari einungis fram frá júní til september ár hvert.

Félagið Adventure Hotels ehf. sé í 100% eigu Straumhvarfs. Megintilgangur félagsins sé rekstur hótela og gistihúsa, en félagið keypti Hof 1 í Öræfum, í sveitarfélaginu Hornafirði, í mars 2017 og Geirland í Skaftárhreppi í nóvember 2017.

Þá segir í samrunaskrá að auk Straumhverfs eigi Arctic Adventures 100% eignarhlut í félaginu Extreme Iceland, 100% hlut í Into the Glacier, 60% hlut í Skútusiglingum, 70% hlut í Óbyggðasetri og loks félagið Welcome Entertainment.

Meginstarfsemi Extreme Iceland felist í sölu og framkvæmd afþreyingarferða um allt land, ýmist dagsferða eða nokkurra daga skoðunarferða á litlum rútum. Félagið hafi boðið upp á svokallaðar „Super Jeep“ jeppa ferðir og margskonar afþreyingu, s.s. jöklagöngur og hellaferðir. Extreme Iceland eigi 100% hlut í Viking Car Rental ehf. Óveruleg starfsemi sé í félaginu Viking Car Rental ehf. Into the glacier sjái um rekstur og uppbyggingu ísgangna á Langjökli. Skútusiglingar séu ferðapjónustufyrirtæki sem bjóði upp á siglingar á Vestfjörðum, bæði dagsferðir og lengri ferðir. Óbyggðasetur sé ferðapjónustufyrirtæki sem starfræki sýningu um líf í óbyggðum á fyrri tímum auk þess að bjóða viðskiptavinum upp á skipulagðar göngu- og hestaferðir á Austurlandi. Félagið bjóði einnig upp á gistingu í húsnæði sínu í Fljótsdal, auk veitinga. Welcome Entertainment sé ferðapjónustufyrirtæki sem sérhæfi sig í rekstri lista- og menningartengdrar ferðapjónustu.



Þá segir í samrunaskrá að Raufarhóll sé ferðapjónustufyrirtæki sem hafi frá árinu 2016 boðið upp á skipulagðar hellaferðir um Raufarhólshelli sem staðsettur sé í þrengslum á milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar.

Samrunaaðilar telja ávinning samrunans vera nokkurn, jafnt fyrir samkeppni á markaði sem og fyrir neytendur. Með samrunanum verði rekstur félaganna hagkvæmari, s.s. með sameiginlegum rekstrar- og stjórnunarkostnaði, og meiri samkeppnishæfni á ferðapjónustumarkaði. Þá muni hann gera hinu sameinaða félagi kleift að auka við framboð sitt og auka hagkvæmni við skipulag þeirra ferða sem seldar séu. Samruninn muni þannig auka líkur á samrunaaðilar geti boðið neytendum skipulagðar ferðir á lægra verði

2. Markaðir málsins

Samrunaaðilar telja markað málsins vera markað fyrir sölu og framkvæmd skipulagðra ferða og afþreyinga, beint að ferðamönnum, í heildsölu og smásölu. Heildsölumarkaður málsins felist í sölu á skipulögðum ferðum, þar á meðal á ýmissi afþreyingu, til ferðaskipuleggjenda, ferðaskrifstofa og annarra milligönguaðila, sem bjóði aftur upp á skipulagðar ferðir sem innihaldi ýmsa afþreyingu, s.s. skoðunarferðir og rútuþjónustu, sem samanstandi af þjónustu frá mörgum aðilum. Nærtækt sé að ætla að smásölumarkaður málsins felist í því að selja skipulagðar ferðir beint til endanotenda.

Margir sem starfi á markaði fyrir sölu og framkvæmd skipulagðra ferða reki sinn eigin söluvef og sé í flestum tilvikum boðið upp á fjölbreytt úrval ferða, bæði ferða sem þeir aðilar framkvæmi sjálfir sem og ferðir sem aðrir framkvæmi. Sölutorgin, og ferðaskrifstofur þar sem það á við, séu því milligönguaðilar á milli endanotenda og aðila á markaði fyrir sölu og framkvæmd skipulagðra ferða. Séu því lóðrétt tengsl milli þeirra markaða. Aðilar á þessum markaði taki þóknun fyrir sölu ferða. Þóknun sem greiða þurfi til söluaðila geti hlaupið á tugum prósentu og í einhverjum tilfellum virðist sem prósentustig þóknunar ráði því hversu ofarlega ferðin komi upp á síðu viðkomandi. Arctic Adventures selji sínar ferðir að stærstum hluta á eigin sölusíðu en aðrar sölusíður séu með mun stærri hlut í sölu afþreyingarferða til ferðamanna auk annarrar þjónustu fyrir ferðamenn. Arctic Adventures telur helstu keppinauta sína í rekstri sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir vera netsölufyrirtæki sem selji ferðir til erlendra ferðamanna. Mjög stór hluti afþreyingarferða fyrir ferðamanna hér á landi séu seldar í gegnum ferðaskrifstofur og stór netsölufyrirtæki, s.s. Viator, TripAdvisor, Expedia, Booking.com, Get Your Guide og Guide to Iceland.

Að mati samrunaaðila megi því ætla að unnt sé að greina sérstakan markað fyrir rekstur sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir, þar sem samkeppni yfirmarkaðarins, þ.e. sölu og framkvæmd skipulagðra ferða, eigi sér að mestu stað. Arctic Adventures sé eini samrunaaðilinn sem reki slíkt sölutorg. Muni samruninn því ekki koma til með að styrkja stöðu félagsins á þessum markaði.

Í samrunaskrá er vísað til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2019, *Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Into the Glacier ehf. og fleiri félögum í ferðapjónustu*, en í því máli var niðurstaða eftirlitsins sú að samrunaaðilar starfi á mörgum sviðum ferðapjónustu á Íslandi þar sem markaðurinn sé sala og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi. Í ákvörðuninni benti eftirlitið á að mögulega mætti skipta mörkuðum



niður í undirmarkaði eftir því hvers eðlis ferðin væri en ekki var talin ástæða til að skilgreina markaðinn frekar en dagsferðir og styttri ferðir fyrir ferðamenn á Íslandi. Jafnframt var tekið fram að samrunaaðilar voru færir um að veita víðtæka þjónustu og aðlaga sig neytendum hverju sinni, sem þótti benda til þess að skilgreina bæri markaðinn heldur víðari en þrengri.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um annað en að sú skilgreining sem lögð var til grundvallar í ákvörðun nr. 12/2019 eigi enn við.

Varðandi skilgreiningu landfræðilegs markaðar málsins telja samrunaaðilar ekki ástæðu til þess að skipta mörkuðum eftir einstökum ferðum hvað varðar tiltekin landsvæði. Í samrunaskrá segir að ljóst sé að samrunaaðilar sinni sölu skipulagðra ferða víðsvegar um landið. Þá sé einnig auðvelt að bæta við og breyta framboði þeirra ferða sem seldar séu. Sé því nærtækt að líta svo á að hinn landfræðilegi markaður málsins sé að minnsta kosti Ísland allt.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru vísbendingar um að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland en í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til afmörkun landfræðilegs markaðar málsins.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í samrunaskrá kemur fram að með vísan til hinnar takmörkuðu markaðshlutdeildar sem samrunaaðilar njóti, telji þeir að áhrif samrunans hafi afar takmörkuð ef nokkur áhrif á markaði. Sé þar að auki ljóst að samruninn komi hvorki til með að skapa né styrkja markaðsráðandi stöðu. Til viðbótar benda samrunaaðilar á að hin eiginlega skörun verði takmörkuð. Samruninn muni fremur hafa þau áhrif að framboð Arctic Adventures á skipulögðum ferðum breikki og hagkvæmni aukist við sölu ferða til neytenda. Muni markaðshlutdeild Arctic Adventures breytast óverulega sé litið til markaðanna í heild en gestir Raufarhólshellis hafi verið um það bil 60.000 á árinu 2019 en færri árinu á undan.

Í samræmi við framangreint telja samrunaaðilar að þvert á móti séu áhrif samrunans jákvæð í samkeppnislegu tilliti með vísan til markmiðs samrunans, sem sé að skapa aukið hagræði sem muni að öllum líkindum koma til með að skila sér til neytenda.

Samkeppniseftirlitið sendi umsagnarbeiðni, þann 5. febrúar 2020, til ýmissa aðila sem kynnu að hafa hagsmuni af samrunanum og gaf þeim færi á að leggja fram sjónarmið vegna hans. Flestir aðilar gerðu ekki sérstakar athugasemdir við samrunann og töldu samkeppnisleg áhrif ekki mikil. Einn umsagnaraðili taldi upplýsingar í samrunaskrá um samkeppnisleg áhrif eiga sér stöð. Einn umsagnaraðili taldi að með samrunanum væri



Arctic Adventures að verða enn stærri og í krafti stærðar gæti félagið beitt önnur minni fyrirtæki óeðlilegum verðþrýstingi.

Ljóst er að með samrunanum öðast Arctic Adventures yfirráð í fyrirtæki sem það á eignarhluti í fyrir, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2019. Með vísan til framangreindar umfjöllunar er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að samrunaaðilar starfa á sama markaði. Þau viðskipti sem hér eiga sér stað fela þó í sér óverulega samþjöppun á þeim markaði. Samkeppniseftirlitið fær ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að hann leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans.

IV.

Ákvörðunarorð

„Kaup Arctic Adventures hf. á Raufarhóli ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson